

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um meðferð vegna ofnotkunar áfengis og lyfja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir leituðu sér ásjár (meðferðar) vegna ofnotkunar áfengis og lyfja, þar með talið fíkniefna, árin 2007, 2008, 2009 og 2010?

Við vinnslu svarsins var leitað upplýsinga hjá landlækni en einnig hjá helstu stofnunum sem veita meðferðir vegna ofnotkunar áfengis, lyfja og annarra vímuefna, þ.e. Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ), Samhjálp og Krýsuvíkursamtökunum. Auk þess leita einstaklingar einnig til heilsugæslunnar og sérfræðinga víða um land vegna vandans. Þá eru ótaldar stofnanir og meðferðarheimili sem bjóða upp á eftirmeðferð, eins og Dyngjan, Takmarkið og Krossgötur.

Heildarfjöldi einstaklinga sem fór í meðferð vegna ofnotkunar áfengis eða lyfja liggur ekki fyrir þar sem ekki er hægt að tengja saman gagnagrunna mismunandi stofnana. Auk þess getur sami einstaklingur farið í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild á sömu stofnun innan hvers árs og geta því einstaklingar verið taldir oftár en einu sinni.

Á eftirfarandi töflu er tölulegt yfirlit yfir þá sem fóru í meðferð hjá tilteknum stofnunum vegna ofnotkunar áfengis og lyfja árin 2007–2010 en ekki eru taldir þeir einstaklingar sem leita sér aðstoðar hjá sérfræðingi eða á heilsugæslustöð, né heldur í einhverjum tilfellum þeir sem fara í eftirmeðferð eða á áfangahæimili. Þá liggur fyrir að sumar af þeim stofnunum sem veita meðferð geta ekki tekið við öllum þeim sem sækja um að komast í meðferð vegna takmarkaðs fjölda rúma.

Yfirlitið nær til fjölda einstaklinga í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild vegna áfengis- og/eða lyfjanotkunar árin 2007–2010. Annars vegar er yfirlit yfir fjölda þeirra einstaklinga sem lögðust inn og hins vegar upplýsingar um fjölda sem fór í meðferð á göngu- deild eða dagdeild á stofnunum.

Fjöldi einstaklinga í innlagnarmeðferð og í meðferð á dag- eða göngudeild vegna áfengis- og/eða lyfjanotkunar árin 2007–2010, eftir stofnunum og meðferðarformi.

	Fjöldi einstaklinga			
	2007	2008	2009	2010
SÁÁ Sjúkrahúsið Vogur				
Innlagnarmeðferð	1.800	1.765	1.714	1.676
Meðferð á dag- eða göngudeild*	4.000	4.000	4.000	4.000
Landspítali Hringbraut				
Innlagnarmeðferð	373	356	357	381
Meðferð á dag- eða göngudeild	1.100	1.213	1.302	1.157
Sjúkrahúsið á Akureyri				
Innlagnarmeðferð	34	52	55	50
Meðferð á dag- eða göngudeild	80	86	72	65
Samhjálp Hlaðgerðarkot				
Innlagnarmeðferð	369	311	362	385
Meðferð á dag- eða göngudeild	2.162	2.733	3.014	3.442
Krýsuvíkursamtökin				
Innlagnarmeðferð	54	62	56	51

* Áætlaður fjöldi.